

Ed.

650. Tillaga til þingsályktunar

um stóribúðaskatt.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um stóribúðaskatt, byggt á þeim grundvelli, að hver húseigandi verði að greiða árlega til ríkissjóðs mjög riflegan skatt af þeim hluta hvernar íbúðar, sem telja má, í samræmi við venjur norrænna þjóða, að sé fram yfir eðlilegar þarfir meðalfjölskyldu. Fé því, sem inn kemur í ríkissjóð fyrir stóribúðaskatt, skal skipta jafnt sem viðbótarframlagi milli nýbýlasjóðs og verkamannabústaðanna.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum hreyfði ég oftast en einu sinni á Alþingi þvi máli, að vel færi á að leggja á sérstakan stóribúðaskatt til almannaþarfa. Síðan hefur alloft verið minnst á þessa hugmynd, en ekki orðið úr framkvæmdum. Þeir menn, sem beitt hafa sér aðallega fyrir skattamálalöggjöf, hafa ekki viljað sinna málinu. En á yfirstandandi þingi hefur óskyld hugmynd, sem þó snertir húsæðismál kaupstaðanna, verið rædd nokkuð og með meiri umhyggju en málefni stóðu til, af því að vanrækt hefur verið að framkvæma hugmyndina um stóribúðaskatt. Ég legg þess vegna til, að Alþingi beini málinu inn í eðlilegan farveg með því að undirbúa löggjöf um skatt á aukarúm í stóribúðum og verja fénu til að efla húsagerð handa stærstu stéttum landsins. Ég geri mér vonir um, að sá hluti þingsins, sem hefur viljað skapa nauðungartvíbýli í íbúðum, sem ætlað er, að rúmi meira en eina fjölskyldu, muni fús að fylgja þessari tillögu. Samþykkt og framkvæmd hennar

ætti þá innan tíðar að geta orðið til að skapa ný heimili, ekki sízt handa ungu kynslóðinni. Slík heimili yrðu samboðin frjálsum og menntuðum mönnum, en ekki fangabúðir fyrir tvær fjölskyldur, sem hefðu þá aðstöðu að geta ekki komizt hjá því að verða óvinir í orði og verki.

Mál það, sem ég hef vikið hér að, er sú ráðagerð, sem mikið hefur verið reynt til að lögfesta á Alþingi í vetur, að meiri hluti bæjarstjórna eða þar til kvaddar nefndir geti tekið með valdi nokkurn hluta af íbúðum manna og sett þar inn ókunnugt fólk, án nokkurrar tryggingar um heilsufar, ráðvendni og allmenna sambúðarhæfileika. Um eitt skeið var húsráðendum ætlaður þriggja daga frestur til að hugsa sitt ráð, áður en nauðungartvíbýlið væri stofnsett með lögum og löggluvaldi.

Aðalástæðan til þessarar undarlegu löggjafarstarfsemi var aðstreymið til Reykjavíkur í sambandi við dvöl setuliðsins. Hefur fjölgað stórlega í bænum á nokkrum síðustu missirum. Formælendur nauðungartvíbýlis mæla með löggjöf þessari vegna þessara innrása í höfuðstaðinn. Þegar bent er á, að hér sé alveg sérstök hættu í sambandi við hernaðaraðgerðir, að hér vofir yfir stórfellt atvinnuleysi, svo að segja hvenær sem er, samhliða því, að framleiðslan í sveitum og kaptúnunum er lömuð sakir fólksleysis, þá er sannarlega ekki hægt að segja, að þjóðarnauðsyn knýi til að draga sem flest fólk til Reykjavíkur. Þvert á móti má fullyrða, að hið mikla innstreymi í höfuðstaðinn er þjóðarböl nú sem stendur og verður að þjóðarhættu, þegar þúsundir manna standa á mölinni í Reykjavík án atvinnu og atvinnuskilyrða. Efling nýbýla í sveitum og verkamannabústaða í kaptúnunum og kaupstöðum er öryggisráðstöfun móti þeim mannfélagssjúkdómi, sem hér hefur verið lýst.

Það má telja eðlilegt, að flokkur kommúnista beiti sér fyrir því, að hægt sé að skapa nauðungartvíbýli á sem allra flestum heimilum, þar sem slík framkvæmd mundi flýta fyrir upplausn lýðræðisskipulagsins. En ýmsir menn úr öðrum flokkum hafa léd málinu bráðabirgðafylgi, af því að málið hefur verið lítið rætt og enn síður reynt að styðjast við erlenda reynslu.

Ef mannskepnur væru haglega gerðar, en sálarlausar vélar, eins og bifreiðar eða flugvélar, þá væri hægt að taka af hvaða bónda sem er það land, sem hann notaði ekki til fulls, eða gestastofu á kaupstaðarheimili og geyma þar aðrar mannlégar vélar. En eins og manneskjur eru gerðar, þá er þetta ekki hægt nema með því að limlesta sálina. Skulu nú leidd að þessu glögg rök.

Það er hægt að taka að óvilja eigenda bæði lönd og nokkuð af heimilum þeirra. Nauðungartvíbýli, byggt á löggjöf, verður fyrst reynt í sumar í Reykjavík og ef til vill á Akureyri. En fyrir allmörgum árum byrjaði einn af starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands, Páll Zóphóniasson, að halda fram þeirri fræðikenningu, að það ætti að mega taka land, sem ekki er notað, til ræktunar og nýbyggðar. Samkvæmt þessari kenningu ætti að mega reisa nýbýli á mörg hundruð bændabýlum hvarvetna á landinu, þó að eigendur og áhúendur hlutaðeigandi jarða legðu blátt bann við framkvæmd þess. Það má færa þau almenn rök fyrir þessari skoðun, að óræktað land eða beutiland sé mannfélaginu til minni nota en ræktað land. En hvað sem því líður, þá vilja islenskir bændur ekki beygja sig fyrir þessum rökum. Þó að Páll Zóphóniasson hafi ferðast meira um byggðir landsins og kynnt bændum meira en flestir aðrir menn, sem búsettir eru í höfuðstaðnum, þá er ekki vitað, að hann hafi fengið nokkurn stuðning, sem nefnandi er því nafni, frá bændastétt landsins. Hann virðist ekki heldur hafa hreyft kenningunni um ófriðun lands á fundum í Norður-Múlasýslu. Ekki hefur hann heldur flutt um þetta efni tillögu eða frumvarp þau ár, sem hann hefur átt sæti á Alþingi.

Það er enginn vafi á, væri bændastéttin orðin algerlega vélræn, að þá mundi með góðum árangri mega prédika að taka land til annarlegra þarfa af hverjum bónda, sem hefði ráð á einhverjum óræktuðum og lítið notuðum jarðarskika. En eins og bændur eru gerðir, þá þykir þeim svo vænt um jarðir sínar, að það mundi

valda flestum þeirra sárri og varanlegri hugraun, ef tekið væri með valdboði af jörðum þeirra án tryggingar stjórnarskrárinnar. Bændum finnst jörðin, heimilið og fjölskyldan ein órjúfanleg heild. Þessi tilfinning er svo sterk, að enn hefur enginn þingmaður, ekki einu sinni úr flokki kommúnista, borið fram frumvarp á Alþingi um að setja upp nauðungartvíbýli á heimilum sveitabænda.

Nú hefur Alþingi hins vegar samþykkt lög, sem heimila nauðungartvíbýli í kaupstöðum landsins, og sérstaklega stefnt að framkvæmdum í höfuðstaðnum. Mótstaðan var nokkur, en hvergi nærri eins og verða mundi í sveitum, ef þrýsta ætti óviðkomandi mönnum með valdboði inn á landareign óðalsbændanna. Að líkindum gjalda bæirnir þess, að þeir eru ungir og enn á gelgjuskeiði. Tilfinningin fyrir öryggi heimilisins er minni í íslenskum bæjum en í gömlum menntalöndum, þar sem borgirnar hafa verið margbætt menningarsetur öldum saman. Bretar standa þjóða fremstir um að varða helgi heimilisins. Heimilið er virki Bretans. Um þetta virki hefur verið friðað með löggjöf og venjum öldum saman. Fyrir tveim öldum sagði Vilhjálmur Pitt, einn af mestu stjórnarskröngum Breta, í þingræðu, að öryggi enskra heimila væri svo mikið, að þótt regnið kæmist gegnum þakið á enskum kotbæ og stormurinn gegnum rifur á veggjunum, þá gæti jafnvel hinn voldugasti konungur ekki farið leyfislaust inn í slíkt heimili. Fyrir skömmu bar rússneskur flóttamaður í Englandi saman réttleysi rússneskra heimila og öryggi Englands. Rússneski útlaginn hafði eitt sinn gleymt ólæstum útidyrum á húsi í London. Lögregluþjónn sá, að húsið mundi vera opið, og hélt vörð við dyrnar, þar til eigandinn kom heim. Rússinn var vanur lögregluheimsóknum í ættlandi sínu og bjóst við, að nú ætlaði enska lögreglan að finna hann í fjöru. En Rússanum brá mjög í brún, er hann vissi, að enskur lögregluþjónn taldi sér ekki heimilt að fara yfir þröskuld á heimili annars manns, nema með sérstökum dómsúrskurði, og að í þetta sinn hafði hann tekið að sér vernd heimilisins, sem virtist vera varnarlaust og opið, þar til húsbóndinn kæmi heim. Hér mættust tveir andstaðir heimar: Rússinn með heimili sitt stöðugt undir járnhæl lögreglunnar, hvort sem landinu ræður keisari eða bolseviki, og á hinn bóginn hið enska heimili, sem er viggirt með múr hinnar hæstu félagsmenningar, sem til er í nokkru nútímalandi.

Fátt sýnir betur, hve lítil festa er enn í heimilismyndun hinna ungu íslensku kaupstaða, heldur en gáleysi margra manna úr þeim hóp gagnvart lögregluopnun á heimilum til að koma þar við nauðungartvíbýli. Ástaðan til þessarar löggjafar er sjúkt aðstreymi að vissum stöðum í nánd við aðalheimkynni setuliðsins. Ekkart annað hefur knúið fram hina nýstárlegu tvíbýlislöggjöf. En í Bretlandi, sem á í stríði við voldugan óvin, sem hefur lagt í rústir hús í borgum Englands, sem telja má í tugum þúsunda, þar er ekki enn gripið til þess úrræðis að samþykkja löggjöf um að þrýsta óviðkomandi fólki inn í heimilin, sem eftir standa. Sama er að segja um Bandaríkin. Þar er nauðungartvíbýli óþekkt fyrirbrigði í löggjöf landsins. Engum getur blandast hugur um, að ef nokkur menningarþjóð hefur nokkurn tíma haft ríka ástaðu til að brjóta helgi heimilanna með því að setja þangað óviðkomandi fólk, að óvilja húsbændanna, þá er það brezka þjóðin, eins og málum er nú komið hjá henni. En Bretinn metur grið heimilisins meira en augnablikspörf. Englendingar líta svo á, að styrkur einstaklingsins og styrkur þjóðfélagsins sé fyrst og fremst kominn undir öryggi heimilanna. Ef til vill má rekja bráðræði Alþingis að þessu sinni og gætni Breta í þessu máli til þess, að í íslenska þinginu er nú fimmti hluti þingsins reynslulausir og ábyrgðarlausir byltingasinnar, en í brezka þinginu er stundum einn kommúnisti, en allajafna enginn. Sama er að segja um þing Bandaríkjamanna. Þar eru aldrei neinir kommúnistar.

Þó að Bretar leysi ekki upp heimili borgaranna með nauðungartvíbýli, þá gleyma þeir ekki stóru eignunum og stóru íbúðunum. Bretar hafa síðan á tímum hinnar fyrri heimsstyrjaldar lagt á borgara landsins afar háan erfðaskatt, eignarskatt og tekjuskatt. Með þessum þrem sköttum er auði Bretlands jafnað og skipt.

Vegna erfðaskattsins hverfa meir og meir hinar óhæfilega stóru íbúðir, sem áður voru algengar í landinu. Bretar gera ekki innrás á heimilin. En með fjölpætri og heppilegri löggjöf knýja þeir með skattaleiðinni borgara landsins til að gæta hófs um eyðslu við heimilishald, þar á meðal við húsagerð.

Ég hef álitnið tímabært að rekja allýtarlega meginþræði þessa máls. Áróðurinn, sem raunverulega miðar að upplausn heimilanna, hefur verið hafinn. Bændastétt landsins hefur fyrr og síðar neitað um fylgi öllum hollaleggingum um, að heimilt væri að taka með skyndivaldboði hluta af hverri jörð til annarlegra afnota. Með lítt undirbúinni löggjöf hefur verið gert mögulegt að hefja, í smáum stíl, nauðungartvíbýli í kaupstöðunum, einkum í Reykjavík. Fljótræðið við þessa lagasmíð kom m. a. fram í því, að frumv. um þetta efni hafði gengið í gegnum aðra deild Alþingis, áður en því var veitt eftirtækt, að samkvæmt fyrirætlum þess gat nefnd í Reykjavík útilokað alla utanbæjarmenn frá þingsetu, með því að neita þeim um dvalarheimild í bænum.

Í stað þess að eyðileggja heimilisfrið og heimilislíf í bæjunum með nauðungartvíbýli, til að vinna á móti því, að nokkur hluti kaupstaðabúa hafi óþarflega mikið húsnaði, er hér bent á aðra og heppilegri leið til að ná því takmarki, og það er að leggja sérstakan skatt á stóribúðir og verja honum til að flýta fyrir myndun nýrra og sjálfstæðra heimila í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum.